

# Skóla-akur

Vefrit um skólamál 4. tbl. 12. árgangur 22. febrúar 2018

## Nótan uppskeruhátíð tónlistarskóla.

Nótan er árlegur viðburður í kerfi tónlistarskóla á Íslandi.

Með uppskeruhátíðinni er kastljósinu beint að samfélagi tónlistarskóla og tónlistarnemendum veittar viðurkenningar fyrir afrakstur vinnu sinnar. Nótan er samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Samtaka tónlistarskólastjóra, Tónastöðvarinnar, Töfrahurðar, Tónlistarsafns Íslands og Símfóníuhljómsveitar áhugamanna.

Valtónleikar Tónlistarskólans á Akureyri fyrir Nótuna fóru fram þann

29. janúar. Þessi atriði voru valin til þátttöku í svæðistónleikum:

Á grunnstigi - Emilía Ingibjörg Guðjónsdóttir selló og Strengjakvartettinn Sykurpúðarnir

Á miðstigi - Sunneva Kjartansdóttir selló

Í opnum flokki - flautukór undir stjórn Petreu Óskarsdóttur

Á framhaldsstigi: Ingunn Erla Sigurðardóttir trompet og Eysteinn Ísidór Ólafsson píanó.

Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Norður- og Austurland voru svo haldnir í Hofi 9. febrúar. Þá tóku tíu skólar á Norður- og Austurland þátt.

Þrjú atriði frá Tónlistarskólanum á Akureyri fengu viðurkenningu: Emilía Ingibjörg Guðjónsdóttir sellóleikari fékk viðurkenningu fyrir frumlegt/frumsamið atriði í grunnstigi en hún lék lagið "Old Movie" sem hún samdi sjálf. Flautukórinn hennar Petreu flautukennara fékk líka viðurkenningu fyrir flutning sinn á "Hermikrákunn" eftir G.E. Holmes en hann keppti í opnum flokki og síðast en ekki síst fékk Eysteinn Ísidór Ólafsson píanóleikari viðurkenningu fyrir einleik á framhaldsstigi en hann lék Hugleiðingu um íslenskt þjóðlag eftir Tryggva M. Baldvinsson. Eysteinn og flautukórinn munu koma fram í Eldborgarsal Hörpu þann 4. mars næstkomandi.



## Öskudagur á Krógabóli.

Á Krógabóli mættu allir glaði og kátir í búningum. Notast er við gamlar hefðir og kötturinn sleginn úr tunnunni, lamið er með spýtum í tunnuna þar til popp og saltstangir koma í ljós. Í hádeginu eru svo snæddar pylsur og sett er upp búð og þurfa börnin að koma og kaupa sér pylsur. Þetta er alltaf jafn skemmtilegt.



Eftir hádegisdag var svo Öskudagsball þar sem allir hittast á ganginum og dansa saman.

Áður fyrr var farið með elstu börnin í bæinn að syngja en nú er deginum bara eytt í leikskólanum við skemmtilegheit.



## Myndir augnabliksins eru frá Sudbury viku í Hríseyjarskóla.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

### Lífið er tímabil.

Stundum breytast hlutirnir næstum eins og maður bara hafi enga stjórn. Lífsins ferðalag tekur óvænta stefnu og þá er farsælast að „vera bara í flæðinu“ og fylgja!

Það er sem sagt komið að tímamótum hjá mér því nú er ég að ljúka störfum sem sviðsstjóri fræðsluviðs Akureyrarbæjar. Eftir þrjú frábær og lærdómsrík ár á Akureyri flyt ég í höfuðborgina þar sem ég tek við starfi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Í nýtt starf tek ég með mér mikla og gagnlega reynslu frá Akureyri. Ég hef verið lánsöm og átt farsælt samstarf við skólasamfélagið á Akureyri, við stjórnmalafólk, bæjarstjóra og starfsfólk Akureyrarbæjar vítt og breytt og háskólaafólk. Síðast en ekki síst er ég þakklát fyrir þann einstaka og samheldna hóp sem starfar á fræðsluviðinu.



Skólasamfélagið á Akureyri er gott og víðtækt samkomulag um að hlúa að því. Það er þó þar eins og víðast annars staðar að verkefni eru næg og áskoranir margar. Mikið er rætt um kvíða og þunglyndi barna og spurt er hvort við séum að kenna réttu hlutina, hvort það sem við kennum sé það mikilvægasta sem börnin þurfa að kunna og vera hæf til. Þegar horft er á stóru myndina eru breytingar stórkostlegar og tækifærin næg. Við þurfum að vera með á nótunum á 21. öld.

Við á Akureyri erum í miðri á með að móta nýja skólastefnu og þar hefur fjöldinn allur komið að vinnunni. Skemmtilegast í ferlinu hefur verið að hitta nemendur og fá að heyra raddir þeirra. Börn eru frábær og þau eiga að fá að hafa miklu meira um það að segja hvað þau læra og hvernig. Þau vita sínu viti. Það þarf almennt miklu meiri tíma til að hlusta á börn. Hraði samfélagsins gerir það oft að verkum að lífili tími gefst til þess, bæði hjá foreldrum og oft í skólanum líka. Tími foreldra fyrir stuðning og hvatningu við nám barna sinna virðist stundum vera af skornum skammti. Skólinn á að taka flest verkefni. Það gengur auðvitað ekki. Ég var að ræða það við stórfjölskylduna á dögnum hvernig það væri ef við skiptum út orðinu íþróttir í forgangsriðun fjölskyldunnar fyrir skóla og nám, hvort foreldrar væru tilbúnir til að verja eins miklum tíma í að láta börn lesa heima, eða lesa fyrir þau eða ræða við þau um hæfni og þekkingu, eins og þeir verja oft á fótbolta-vellinum. Það er ekkert vandamál að rífa sig upp um helgar og hendast jafnvel landshluta á milli til að sinna þessum hluta í lífi barna. En þegar kemur t.d. að heimalestri eða almennri virðingu fyrir skólagöngu og þeirri vinnu sem þarf að inna að hendi með börnum, þá virðist oft annað uppi á teningnum. Þá er málið kvöð og tekur of mikinn tíma. Það virðist heldur ekki vandamál að taka börn úr skóla, fara með þau til útlanda jafnvel í lengri eða skemmri tíma og það gleymist jafnvel að láta vita af því í skólanum fyrr en ferðin er hafin. Hversu langt á þá starf kennarans að ná? Þá er jafnvel gerð krafa um að kennarinn sé þannig „með í ferðinni“ að hann sé tengdur og aðgengilegur fjölskyldunni í fríinu.

Já lífið er nefnilega tímabil. Og tímabil barnæskunnar er ótrúlega stutt og svo lýkur því allt í einu og börnin eru flogin úr hreiðrinu. Við sem samfélag þurfum að sammælast um að skólinn njóti virðingar og að hann skipti máli. Félagslegur þáttur í skólastarfi skiptir líka miklu máli. Börn læra að vinna með öðrum börnum og hjálpast að og þau gera sér vel grein fyrir mikilvægi þess að gera það, það kom svo vel fram í samtölum við þau um skólastefnuna. Þau vilja að samnemendur, sem þess þurfa, fái meiri aðstoð, þau vilja taka erlendum börnum opnum örmum, þeim finnst skemmtilegast að vinna saman og hjálpast að og þeim finnst einnig mikilvægt að kennarar fái aðstoð við að tileinka sér betur tækni í kennslu. Það myndi léttja þeim störf, segja þau. Þau eru mjög meðvituð um heimsmyndina, um hlýnun jarðar, um matarsóun og um alþjóðasamfélagið.

Árið 2020 verður opnaður skóli á Inlandi sem setur hamingjuna í forgang. <https://www.fastcompany.com/40528502/this-school-focuses-on-teaching-students-happiness-not-math>

Hvernig væri að við settum hamingjuna í forgang í skólakerfinu okkar? Og finnum svo út hvernig við förum best að því að kenna hana. Kannski ekki svo fjarri lagi að það sé gert best með því að hlusta betur á börnin.

Með innilegum þökkum fyrir samstarfið elsku vinir og megi skólasamfélagið á Akureyri sem er í senn bæði bær og borg, þróast áfram í átt til meiri hamingju, tónlistar, nýsköpunar og gleði.

Soffía Vagnsdóttir  
fráfarandi sviðsstjóri fræðsluviðs Akureyrarbæjar.

### Alþjóðadagur móðurmálsins.

Þann 21. febrúar er alþjóðadagur móðurmálsins en áherslur dagsins í ár tengjast því að viðhalda fjölbreytni tungumála og ýta undir fjölyngi.

Hér á landi var margt gert í tilefni dagsins og má þar nefna [málþing](#) í Veröld – húsi Vigdísar sem bar heitið *Orðabækur: Fjölbreytni tungumála, fjölyngi og þýðingar*.

Á heimasíðu Menntamálastofnunar er vakin athygli á stofnunum og verkefnum sem tengjast fjölbreytni tungumála. [Sjá nánar](#)